

Ed.

123. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 36 frá 27. júní 1921, um samvinnufélög.

Flm.: Einar Árnason.

1. gr.

2. töluliður 3. gr. laganna falli niður, og breytist liðatalan samkv. því.

2. gr.

Aftan við 8. tölulið 5. gr. laganna bætist: Ábyrgð hvers félagsmanns í félögum, sem ræðir um í 2. gr. 1. tölulið, má ekki vera minni en 300 kr., auk innstæðu hans í stofnsjóði. Þó má í félögum, sem eingöngu selja gegn staðgreiðslu, takmarka ábyrgð félagsmanns við stofnsjóðsinnstæðu hans, enda skal þá leggja helming af úthlutuðum tekjuafgangi við stofnsjóðsinnstæðu hans, umfram stofnsjóðstillag skv. 26. gr., unz innstæðan nemur 300 kr.

3. gr.

Á eftir 6. tölulið í 11. gr. laganna komi nýr töluliður, sem verður 7. töluliður, svo hljóðandi:

Hve mikla ábyrgð hver félagsmaður ber á skuldbindingum félagsins.

4. gr.

Aftan við 13. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Sé samþykkt að breyta ábyrgð félagsmanna á skuldbindingum félagsins, skal breytingin þegar tilkynnt til skrásetningar og auglýst í Lögbirtingablaðinu. Ef ábyrgð félagsmanna er minnkuð, fær breytingin ekki gildi um eldri skuldbindingar gagnvart öðrum en nýjum félagsmönnum, fyrr en tvö ár eru liðin frá auglýsingardegi. Ef beiðni um að taka félagið til skipta er afhent skiptaráðanda áður en þessi frestur er liðinn, breytist ábyrgð félagsmanna ekki, nema beiðnin sé afturkölluð eða reynist ekki á rökum byggð.

Ef ábyrgð félagsmanna er aukin, gildir breytingin aðeins gagnvart þeim félagsmönnum, sem samþykkja hana skriflega. Aðalfundi er heimilt að ákveða, að þeir félagsmenn, er eigi samþykkja ábyrgðarhækkun, missi félagsréttindi.

5. gr.

- a. Í stað orðanna „1% af viðskiptaveltu“ í 24. gr. laganna komi: 1% af samantlagðri sölu aðkeyptra vara og afurða.
- b. Orðin „Vexti af innstæðu skal árlega leggja við höfuðstól“, í sömu grein, falli niður.

6. gr.

- a. Orðin i upphafi 25. gr. laganna „Í samþykktum skal sem hafa vörukaup sem aðalverksvið“ falli niður.
- b. Þriðja málsgr. sömu greinar orðist svo:
Þegar stofnsjóðseign félagsmanns verður meiri en svo, að nemi árlegri úttekt hans, eins og hún hefir verið að meðaltali 5 næstliðin ár, má greiða það, sem umfram er niður að 300 kr., enda hafi hann ekki skipt við félagið skemur en 15 ár.

7. gr.

Á eftir 25. gr. laganna komi tvær nýjar greinar, sem verða 26. og 27. gr., svo hljóðandi:

- a. (26. gr.). Stjórnendur samvinnufélags mega ekki úthluta tekjuafgangi fyrr en:
1. Fasteignir, áhöld og aðrar eignir félagsins hafa verið afskrifaðar nægilega.
2. Áskilin gjöld í óskiptilega sjóði félagsins hafa verið greidd.
Í félögum, sem hafa vörukaup sem verksvið, má ekki greiða tekjuafgang út fyrr en minnst 3% af verði aðkeypra vara, sem félagsmenn hafa keypt, hefir verið lagt í stofnsjóð.
- b. (27. gr.). Ef tvö eða fleiri samvinnufélög óska að sameinast, skal samhljóða ályktun um það efni samþykkt í báðum eða öllum félögum á tveim lögmatum félagsfundum i röð, og séu henni fylgjandi eigi færri en $\frac{2}{3}$ atkvæðisbærra fundarmanna, enda hafi ályktunin í félagi, sem skiptist í deildir, verið borið undir deildarfundi milli félagsfunda og samþykkt af þeim með meiri hluta atkvæða.

Skrásetning framangreindrar ályktunar er fullnægjandi afsal á eignum hinna einstöku félaga til hins sameinaða félags. Þinglýsingar- og stimpilgjald skal eigi greiða vegna slíkrar eignayfirfærslu.

Þegar slík ályktun er skrásett, skal afmá nöfn hinna einstöku félaga úr samvinnufélagsskrá. Hin einstöku félög mega skuldskeyta hið sameinaða félag. Réttur kröfuhafa má þó ekki rýrna við það.

8. gr.

Orðin „með samábyrgð“ og orðið „sameiginlegri“ í 26. gr. laganna, sem verður 28. gr., falli niður.

9. gr.

32. gr. laganna, sem verður 34. gr., orðist þannig:

Samvinnufélagi skal slita, ef ályktun um það er samþykkt af tveim lögmatum félagsfundum í röð og henni eru fylgjandi eigi færri en $\frac{2}{3}$ atkvæðisbærra fundarmanna, enda hafi ályktunin í félagi, sem skiptist í deildir, verið borin undir deildarfundi, milli félagsfunda, og samþykkt af þeim með meiri hluta atkvæða.

10. gr.

Á eftir 33. gr. laganna, sem verður 35. gr., komi ný grein, sem verður 36. gr., svo hljóðandi:

Skilanefnd skal birta áskorun til skuldheimtumanna félagsins um að lýsa kröfum sínum fyrir henni, með sama hætti og sömu verkun sem segir í 2. gr. laga nr. 19 frá 4. júní 1924. Þegar skuldir félagsins eru greiddar eða trygging sett og félagsfundur hefir samþykkt fullnaðarreikninga skilanefndar, má greiða félagsmönnum og öðrum, sem eiga í stofnsjóði, stofnsjóðsinnstæður. Stofnsjóðsinnstæður má ekki skuldajafna.

Ágreining um skuldakröfu og stofnsjóðsinnstæður má bera undir skiptarétt þann, er átt hefði að fara með bú félagsins, ef það hefði verið tekið til opinberra skipta.

11. gr.

39. gr. verður 42. gr. Aftan við orðin „efnahag félags, er þeir stýra“ í 2. málsgr. 39. gr. laganna, sem verður 42. gr., komi: eða ef þeir brjóta ákvæði 26. gr.

12. gr.

Á eftir 41. gr. laganna, sem verður 44. gr., komi ný grein, sem verður 45. gr., svo hljóðandi:

Félögum, sem skrásett eru eftir þessum lögum, er einum heimilt að hafa orðin „kaupfélag“, „samvinnufélag“, „pöntunarfélag“ eða önnur orð, sem merkja samvinnufélag, í nafni sínu, eða skammstafanir úr þeim orðum.

13. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlzt staðfestingu, skal fella meginmál þeirra og laga nr. 22 19. maí 1930 inn í lög nr. 36 27. júní 1921 og gefa þau út svo breytt sem lög um samvinnufélög, að slepptri 42. gr. síðastnefndra laga.

Greinargerð.

Frumvörp þetta er lagt fram samkvæmt ósk Sambands íslenskra samvinnufélaga.

Höfuðbreytingar þær, er frv. gerir á samvinnulögunum, eru þessar:

1. Samábyrgð allra félagsmanna í samvinnufélögum er afnumin sem skilyrði fyrir því, að þau geti orðið skrásett samkv. samvinnulögunum.
2. Skýrari ákvæði eru sett um framlag í varasjóð og stofnsjóð og um útborgun úr stofnsjóði. — Sömuleiðis eru ný fyrirmæli sett um afskriftir af eignum félags og um ráðstöfun tekjuafgangs.
3. Ný ákvæði eru sett um sameiningu tveggja eða fleiri samvinnufélaga í eitt félag.
4. Valdsvið skilanevndar við uppgerð félags er skilgreint.

Um 1. lið:

Sú breyting er gerð frá samvinnulögunum 1921, að félögum samkvæmt 1. tölulið 2. gr., þ. e. kaupfélögum og pöntunarfélögum, er leyft að hafa, hvort heldur þau vilja sameiginlega ábyrgð félagsmanna á fjárreiðum sínum eða takmarkaða ábyrgð. Ábyrgð félagsmanna má þó aldrei vera lægri en 300 kr. auk stofnsjóðsinnstæðu hans, nema í félögum, sem aðeins selja gegn staðgreiðslu. Í þeim má takmarka ábyrgðina við stofnsjóðsinnstæðu, enda skal þá leggja helming af tekjuafgangi þeim, sem félagsmaður fær úthlutað umfram stofnsjóðstillag, sem greiða verður samkvæmt væntanlegri 26. gr., við stofnsjóðsinnstæðu hans unz hún nemur 300 kr.

Síðan samvinnulögin 1921 voru samþykkt, hefir starfsemi samvinnufélaga vaxið mikið og orðið fjölþættari. Það er því erfiðara nú en þá var fyrir félagsmenn í stórum samvinnufélögum að fylgjast með, hve miklu þeir bera ábyrgð á. Jafnframt hefir reynslan sýnt, að ekki er eins mikil trygging í sameiginlegu ábyrgðinni eins og álitid var 1921. Trygging hennar hefir sérstaklega minnkað við, að fjöldi fasteigna og mikið af lausafé hefir verið veðsett bönkunum og kreppulánasjóði. Það virðist því, eins og nú horfir við, vera eins heppilegt, að kaupfélögum og pöntunarfélögum sé leyft að hafa takmarkaða ábyrgð eins og öðrum samvinnufélögum.

Það mælir einnig með, að samábyrgðarákvæðinu sé breytt, að á síðustu árum hafa í kaupstöðum landsins verið stofnuð allmörg kaupfélög og pöntunarfélög, sem starfa á samvinnugrundvelli, en hafa takmarkaða ábyrgð, og eru því ekki skrásett eftir samvinnulögunum, sem þó er hin mesta nauðsyn fyrir þau.

Um 2. lið:

Upp eru tekin ákvæði um skyldu samvinnufélaga til að afskrifa eignir sínar. Eru þau nokkuð strangari en nú er venja, en í samræmi við þær reglur, sem skattanevndir fara nú eftir um afskriftir eigna. Aftur á móti er ekki krafizt, að

vextir séu reiknaðir af innstæðu varasjóðs og skyldan til að greiða tillög í varasjóð og stofnsjóð bundin við, að tekjuafgangur sé fyrir hendi, þegar búið er að afskrifa eignirnar.

Um 3. lið:

þarf ekki skýringar.

Um 4. lið:

Í samvinnulögin frá 1921 vantar fyrirmæli um vald skilanefndar, samsvarandi ákvæði 41. gr. hlutafélagalaganna. Þetta hefir valdið nokkrum óþægindum, og er hér úr því bætt.